



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI ÍSLANDS HLÝTUR VERÐLAUN LOFTSLAGSSTOFNUNARINNAR Í WASHINGTON

Loftslagsstofnunin í Washington, Climate Institute, veitti í gær Ólafi Ragnari Grímssyni forseta Íslands verðlaun fyrir forystu í umhverfismálum. Verðlaunin bera heitið *Global Environmental Leadership Award*.

Forseta Íslands voru veitt verðlaunin fyrir forystu hans á alþjóðavettvangi í baráttunni gegn loftslagsbreytingum og fyrir framlag íslensku þjóðarinnar við þróun og nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa.

John C. Topping forseti Loftslagsstofnunarinnar og Sir Crispin Tickell stjórnarformaður afhentu verðlaunin á 20 ára afmælisfundi stofnunarinnar. Á fundinum fengu þrjú fyrirtæki jafnframt sérstaka viðurkenningu fyrir mikilvægt framlag til umhverfismála, Goldman Sachs, Toyota og BP.

Forseti Íslands flutti í gær hádegiserindi á ársþingi stofnunarinnar. Í erindi sínu fjallaði hann meðal annars um þá gríðarlegu viðhorfsbreytingu sem orðið hafi á undanförunum misserum í alþjóðlegri umræðu um loftslagsbreytingar og umhverfismál.

Forsetinn sagði að viðhorfsbreytingin gerði þá kröfu til vísindamanna að þeir tækju virkan þátt í opinni og lýðræðislegri umræðu um þessi málefni. Það væri skylda þeirra að koma sinni vitneskju á framfæri við almenning og stjórnvöld þannig að ráðamenn gætu tekið ákvarðanir sem byggðar væru á hinni bestu þekkingu.

Forseti Íslands vék að árangri Íslands í nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og vilja íslenskra stjórnvalda, fyrirtækja, stofnana og einstaklinga til að miðla þeirri þekkingu til annarra þjóða.

Árþing Loftslagsstofnunarinnar sitja margir helstu sérfræðingar Bandaríkjanna í umhverfis- og loftslagsmálum, fulltrúar háskóla og bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA, opinberir embættismenn, stjórnendur fyrirtækja og forystumenn umhverfissamtaka.

Í erindum sínum fjölluðu vísindamennirnir meðal annars um bráðnun jökla og hafíss, hækkandi yfirborð sjávar, vaxandi tíðni fellibylja, víðtækar afleiðingar breytinga á veðurfari á loftslag og lífshætti víða um heim og til hvaða aðgerða stjórnvöld, stofnanir og fyrirtæki geta gripið til að takast á við hættuna sem stafar af loftslagsbreytingum.

20. september 2005

Nánari upplýsingar veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028). Myndir frá verðlaunaveitingunni má nálgast á heimasíðu embættisins.